

Bæjarstjórn - 1876

FUNDARBOÐ

**1876. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 29. september 2021
og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2109938 - Ungmennaráð, tillögur 2021

Lagðar fram tillögur ungmennaráðs 2021.

2. 1806149 - Ráð og nefndir 2018-2022, kosningar

Breyting á varamanni Viðreisnar í umhverfis- og framkvæmdaráði:
Hrafnkell Karlsson fer út og í hans stað kemur Pétur G. Markan.

3. 2103133 - Miðbær, deiliskipulag reitur 1

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.
Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 29. júní s.l. var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt. Afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs var staðfest 1. júlí sl. af bæjarráði í umboði bæjarstjórnar.

Tillagan var auglýst tímabilið 15.07.-26.08.2021. Kynningarfundur var haldinn 25.8.2021. Frestur til að skila inn athugasemdum var framlengdur til 31.8.2021. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulags- og byggingarráðs 7.9.2021 var skipulagsfulltrúa falið að svara framkomnum athugasemdum.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa ásamt uppfærðum uppdrætti þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem bárust.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærð gögn vegna breytinga á deiliskipulagi reitar 1 og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög. Erindinu er vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2107307 - Áshamar reitur 1.A-2.A, deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.
Varmárbyggð ehf. lagði 17.7.2021 inn tillögu að deiliskipulagi Áshamars 1A-2A. Tillagan gerir ráð fyrir 6 fjögurra til fimm hæða fjölbýlishúsum með allt að 170 íbúðum með möguleika á kjallara. Gert er ráð fyrir bílastæðum ofan- og neðanjarðar. Lögð fram uppfærð gögn.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að uppfærð gögn að deiliskipulagi reitsins verði auglýst í samræmi við skipulagslög. Erindinu er vísað til bæjarstjórnar til

staðfestingar.

5. 2108589 - Áshamar reitur 9.A, deiliskipulag

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl. Hamravellir ehf. lagði 20.8.2021 inn tillögu að deiliskipulagi Áshamars reit 9A. Tillagan gerir ráð fyrir fjórum fjölbýlishúsum á 4 -5 hæðum auk bílakjallara og möguleika á kjallara undir húsunum sem nýtist fyrir geymslur. Gert er ráð fyrir allt að 80 íbúðum. Gert er ráð fyrir bílastæðum ofanjarðar og neðanjarðar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að fyrirliggjandi tillaga að deiliskipulagi reitsins verði auglýst í samræmi við skipulagslög. Erindinu er vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2102611 - Hverfisgata 49, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl. Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. ágúst s.l. greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 26.07.2021 og lagði til við umsækjanda að leggja fram uppfærð gögn í samræmi við framangreinda greinargerð. Lögð fram uppfærð gögn.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærð gögn að deiliskipulagi lóðar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög. Erindinu er vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2008399 - Suðurgata 18, lóðarstækkun, breyting lóðar

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl. Þann 8. apríl s.l. vísaði bæjarráð til skipulags- og byggingarráðs tillögu að deiliskipulagi sem gerði ráð fyrir m.a breyttum lóðarmörkum Suðurgötu 18. Lögð fram ný tillaga að endurskoðaðri lóðarstærð og skilmálum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingu deiliskipulagsins og að henni verði vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2108015 - Fluguskeið 25, umsókn um lóð

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl. Lögð fram umsókn Tómasar Bragasonar um lóðina nr. 25 við Fluguskeið.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 25 við Fluguskeið verði úthlutað til Tómasar Bragasonar.

9. 2109590 - Álfhella 5, umsókn um lóð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl. Lögð fram umsókn Flotgólfs ehf. um atvinnuhúsaloðina nr. 5 við Álfhelli.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 5 við Álfhelli verði úthlutað til Flotgólfs ehf.

10. 2106017 - Sléttuhlíð, lóð B7, auglýsing

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl. Lagður fram listi yfir umsækjendur. Til afgreiðslu

Alls bárust 42 umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Áslaugar Hallgrímsdóttur og Reynis Svanssonar. Til vara var dregin út umsókn Jóhanns F Helgasonar og Elínar Hrannar Einarsdóttur. Til

þrautavara var dregin út umsókn Stefáns Snæs Ágústssonar og Hlínar Þórhallsdóttur.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Sléttuhlíð B7 verði úthlutað til Áslaugar Hallgrímsdóttur og Reynis Svanssonar.

11. 2109722 - Borgahella 11, umsókn um lóð

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl.
Lögð fram umsókn Vestfirsku harðfisksölunnar ehf., um lóðina nr. 11 við Borgarhelli.
Sækir um Borgarhelli 13 til vara.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns út umsókn Vestfirsku harðfisksölunnar ehf. Bæjarráð leggur því til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað félagsins.

12. 2109724 - Borgahella 13, umsókn um lóð

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl.
Lögð fram umsókn Leiguafis ehf, um lóðina nr. 13 við Borgarhelli.
Borgarhella 11 til vara.

Alls bárust 10 umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns út umsókn Leiguafis ehf. Bæjarráð leggur því til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

13. 2109622 - Stuðlaskarð 1, fastanr. F2330326, kauptilboð

20.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 23.september sl.
Lagt fram kauptilboð ásamt söluyfirliti

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi kauptilboð vegna íbúðar við Stuðlaskarð 1, fastanr. F2330326 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2106257 - Gjöf til nýfæddra Hafnfirðinga

5.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 24.september sl.
Lögð fram kynning á útfærslu verkefnisins.

Fjölskylduráð þakkar vinnuhópnum fyrir þeirra störf. Tillaga vinnuhópsins er samþykkt.

Gjöf til nýfæddra Hafnfirðinga er liður í því að efla Hafnarfjörð enn frekar sem fjölskylduvænt samfélag. Gjöfin er til þess að bjóða nýfædda Hafnfirðinga velkomna í samfélagið. Við ákvörðun á því hvað gjöfin á að innihalda voru umhverfissjónarmið m.a. höfð að leiðarljósi, notagildi og að gjöfin væri kynlaus. Fjölskylduráð felur vinnuhópnum að kynna þetta fyrir bæjarbúum og að fyrsta gjöfin verði afhent eins fljótt og hægt er.

Fjölskylduráð leggur til að gjöf til nýfæddra Hafnfirðinga verði kölluð krúttkarfan. Vísað í bæjarstjórn til kynningar.

Fulltrúar Samfylkingar, Bæjarlista, Viðreisnar og Miðflokks styðja ekki afgreiðslu þessa máls. Áætlaður kostnaður á þessu kosningaloforði Framsóknarflokksins er rúmar 5 milljónir á næsta ári. Markmið verkefnisins eru óljós og undirrituð telja að hægt væri að nýta fjármuni bæjarbúa mun betur og með skilvirkari hætti í þágu barnafjölskyldna í bænum.

Fulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fundargerðir

15. 2101038 - Fundargerðir 2021, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir bæjarráðs frá 23. og 25.september sl.

- a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 8.september sl.
 - b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 15.september sl.
 - c. Fundargerð stjórnar SSH frá 6.september sl.
 - d. Fundargerð 34. eigendafundar Sorpu bs. frá 30.ágúst sl.
 - e. Fundargerð 32. eigendafundar Strætó bs. frá 30.ágúst sl.
- Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.september sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 22.september sl.
- a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 26. og 30.ágúst sl.
- Fundargerð fræðsluráðs frá 22.september sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 24.september sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 27.septembr sl.

27.09.2021

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri